

Mál nr. 134 /2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartrygging ökutækis A

Krafa um bætur vegna munatjóns vegna umferðaróhapps þ. 1.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 23.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa misst stjórn á bifreiðinni þegar hún var að aka yfir brú og lent á brúarhandriðinu. M var farþegi í A og gerir kröfu til að fá bætt munatjón og fer fram á viðurkenningu á því að hafa orðið fyrir meiðslum og munatjóni m.a. að fá bættan mökkajakka. V hafnar bótaskyldu og vísar í lögregluskýrslu þar sem komi fram að engin farþega hafi kennt sér nokkurs meins. Auk þess telur V að M hafi veitt rangar upplýsingar en því hafnar M. V bendir á að engar rúður hafi skemmst eða innra byrgði bifreiðarinnar við umferðaróhappið, en ljóst sé að töluvert þurfi til að koma til að rífa mökkajakka og ekkert renni stoðum undir þá fullyrðingu M eða munatjón hennar mökkajakka og einnig gleraugu sem aldrei hafa fundist. Þá telur V ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Álit.

Ekki eru fram kominn gögn eða upplýsingar sem renna stoðum eða sanna að M hafi orðið fyrir því munatjóni sem hún gerir kröfu til að fá bætt úr ábyrgðartryggingu A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A. Ekki er nægjanlega sannað að um svik hafi verið að ræða af hálfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.5.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.